

Fundargerð 121. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 16. ágúst 2017, kl. 15.00 í Fjármálaráðuneytinu við Arnarhvol í Reykjavík.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir.

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ráðning framkvæmdastjóra.*

Stjórn samþykkti ráðningu nýs framkvæmdastjóra, Mörtu Jónsdóttur, frá 1. ágúst 2017.

Stjórn bauð hana velkomna til starfa.

3. *Umboð til framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. og breytingar á stjórnnum dótturfélaga*

Stjórn félagsins veitti framkvæmdastjóra umboð fyrir hönd félagsins vegna

fasteignaviðskipta. Kynnt var breyting á stjórnnum dótturfélaga Þróunarfélagsins.

4. *Stefnumótun vegna endurskipulagningar á verkefnum félagsins.*

Ákveðið að stjórn muni óska eftir upplýsingum um starfsemi félagsins áður en eiginleg stefnumótun hefst.


5. *Önnur mál.*

Rætt var um að fjarlægja girðingu við Reykjanesbraut. Framkvæmdastjóri kynnti málið og var falið að vinna málið áfram.

Rætt var um framkomna beiðni Reykjanesbæjar um nauðsynlegar vegaframkvæmdir við Háaleitisskóla. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.

Engin önnur mál voru rædd undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30



Georg Brynjarsson
Steinunn Sigvaldadóttir
Hafsteinn Hafsteinsson